

**Nd.**

**518. Breytingartillögur**

**[5. mál]**

við frv. til útvarpslaga.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Með útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi, er í lögum þessum átt við hvers konar dreifingu dagskrárefnis með rafsegulöldum, hvort heldur í tali, tónum eða myndum, um þráð eða þráðlaust. Það telst eigi útvarp í skilningi laga þessara ef útsending nær aðeins til þröngs hóps innan heimilis eða húsakynna fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum eða á vinnustöðum. Sendingar milli radíóamatöra teljast heldur eigi útvarp í skilningi laga þessara.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisútvarpið annast útvarp og sjónvarp til allra landsmanna í samræmi við ákvæði II. kafla laga þessara.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Sveitarfélögum og samtökum þeirra er heimilt að koma upp boðveitum sem m. a. má nota til staðbundinnar dreifingar dagskrárefnis um þráð eða þráðlaust innan viðkomandi sveitarfélags eða sveitarfélaga. Slíkar boðveitur skulu fullnægja reglum sem samgönguráðuneytið setur að fengnum tillögum Póst- og símamálastofnunarinnar varðandi senditíðni og aðra tæknilega eiginleika sendistöðva og kapalkerfa og þær skulu hafa sendirásir til leigu fyrir útvarpsfélög og aðra aðila sem uppfylla almennar reglur, sbr. III. kafla laga þessara.

Útvarpsfélögum er einnig heimilt að eiga og starfrækja sendistöðvar fyrir staðbundið hljóðvarp, sbr. nánari ákvæði 18. gr. laga þessara.
4. 4.—7. gr. falli brott.
5. Við 9. gr.
  - a. 3. mgr. orðist svo:

Ríkisútvarpið annast hljóðvarp til annarra landa samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs í samræmi við reglur Póst- og símamálastofnunarinnar um senditíðni og aðra eiginleika senditækja.
  - b. 6. mgr. orðist svo:

Ríkisútvarpið skal starfrækja fræðsluútvarp sem skólastofnun í samvinnu við fræðslufirvöld.
6. Við 12. gr. 1. mgr. orðist svo:

Forseti Íslands skipar útvarpsstjóra til 5 ára í senn. Útvarpsstjóri annast rekstur Ríkisútvarpsins, sér um fjárreiður þess og semur ár hvert fjárhagsáætlun þess.
7. Við 14. gr. Í stað orðanna „Annað hvert ár“ í upphafi 3. mgr. komi: Árlega.
8. Við 15. gr.
  - a. 1. mgr. orðist svo:

Undir yfirstjórn útvarpsstjóra starfar Ríkisútvarpið í fimm deildum, þ. e. fjármáladeild, hljóðvarpsdeild, sjónvarpsdeild, fræðsludeild og tæknideild.
  - b. Á eftir 3. mgr. komi tvær nýjar mgr. og orðist svo:

Fræðsludeild annast fræðsluþætti í hljóðvarpi og sjónvarpi ásamt útgáfu fræðsluefnis og aðra þætti tengda því sem hluta af reglulegri skólastarfsemi er skipulögð skal í samvinnu við fræðslufirvöld.

Tæknideild fjallar um upptöku- og útsendingarbúnað Ríkisútvarpsins.
  - c. Síðasta mgr. orðist svo:

Starfsmenn Ríkisútvarpsins, aðrir en framkvæmdastjórar, skulu ráðnir af útvarpsstjóra, þó að fengnum tillögum útvarpsráðs ef um starfsfólk við dagskrárgerð er að ræða. Framkvæmdastjórar skulu skipaðir af menntamálaráðherra til 5 ára í senn að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.
9. Á eftir 15. gr. komi ný gr. er orðist svo:

Við Ríkisútvarpið starfar starfsmannaráð sem er ráðgefandi um málefni stofnunarinnar. Fulltrúi starfsmannaráðs á rétt til setu á fundum útvarpsráðs með málfrelsi og tillögurétti. Um réttindi og skyldur starfsmannaráðs fer að öðru leyti eftir almennum reglum um starfsmannaráð opinberra stofnana.

10. Við 16. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisútvarpið hefur sjálfstæðan fjárhag. Tekjum þess má eingöngu verja til rekstrar útvarpsins og til fjárfestinga í tækjum og húsnæði þess.

Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins eru gjöld fyrir útvarpsafnot, gjöld fyrir auglýsingar í útvarpi og sjónvarpi, aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau og aðrir tekjustofnar sem Alþingi kann að ákveða.

Útvarpsstjóri kynnir fjárhagsáætlun fyrir útvarpsráði og sendir hana til menntamálaráðherra. Alþingi staðfestir áætlunina endanlega í fjárlögum. Útvarpsstjóri ákveður gjald fyrir útvarpsafnot að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið.

Sérhver einstaklingur á aldrinum 20—70 ára skal greiða gjald fyrir útvarpsafnot sem innheimtumenn ríkissjóðs innheimta. Undanþegnir gjaldinu eru blindir og aðrir sem undanþegnir eru í reglugerð sem menntamálaráðherra setur.

11. a. 17.—24. gr. falli brott.  
b. Kaflaskil og kaflafyrirsögn á undan 16. gr. falli brott.

12. Á eftir 16. gr. komi tveir nýir kaflar er orðist svo:

**A. III. kafli. Staðbundið útvarp.**

- a. (14. gr.)

Nú rekur sveitarfélag boðveitu, sbr. 3. gr., og skal þá setja henni sérstaka stjórn í samræmi við reglur um nefndir og ráð sveitarfélagsins. Standi samtök sveitarfélaga að slíkri boðveitu skal ákveða um skipan stjórnar í sameignarsamningi. Setja skal almennar reglur um afnot af hljóðvarps- og sjónvarpsrásum boðveitunnar og skulu allir þeir sem uppfylla sett skilyrði um ábyrgð á útsendingum, gerð dagskrárefnis og greiðslu afnotagjalds hafa rétt til afnota rásanna ýmist í lengri eða skemmri tíma eftir nánari ákvörðun stjórnar.

Gjöld fyrir afnot boðveitunnar skulu ákveðin af viðkomandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnnum í gjaldskrá. Skal gjaldskráin miðuð við rekstrar- og fjárfestingarkostnað boðveitunnar þannig að notendur greiði kostnaðinn í hlutfalli við notkun. Skal kostnaði jafnað niður á notendur boðveitunnar, svo sem á þá sem nota hana til móttöku útvarps- og sjónvarpsefnis frá innlendum eða erlendum stöðvum, til móttöku og sendinga á tölvuboðum og á þá sem nota hana til sendingar á dagskrárefni.

- b. (15. gr.)

Einstaklingar og félög, svo sem menningarfélög, stjórnmalafélög, trúfélög, hagsmunasamtök og áttahagafélög sem uppfylla öll almenn skilyrði um afnot af útvarps- og sjónvarpsrásum boðveitu, skulu hafa rétt til tímabundinna útsendinga um hana skv. nánari ákvörðun stjórnar boðveitunnar sem úthlutar útsendingartímum og útsendingarrásnum. Eigi mega slíkir aðilar taka gjald af viðtakendum útsends efnis, né afla sér tekna með auglýsingum í útsendingunum, né heldur nota útsendingarnar til kynningar á vörum og þjónustu í verslunarskyni.

Stjórn boðveitu getur synjað umsókn um afnot af útvarps- og sjónvarpsrásum ef hún telur að viðkomandi aðili uppfylli eigi almenn skilyrði um afnot boðveitunnar eða ef hann hefur með fyrri útsendingum gerst sekur um gróf brot á reglum boðveitunnar eða refsilöggjafarinnar. Áfrýja má slíkri synjun til útvarpsréttarnefndar sem kveður upp úrskurð í málinu. Ávallt skal tilgreina ábyrgðarmann að útsendingum þeim sem að framan greinir.

c. (16. gr.)

Aðeins útvarpsfélög, sem útvarpsréttarnefnd viðurkennir, hafa rétt til reglulegra útsendinga um boðveitukerfi að uppfylltum almennum skilyrðum boðveitunnar en það telst regluleg útsending sem send er út 5 daga í viku hverri eða oftari og hver útsending tekur a. m. k. eina klukkustund.

Nú leigir útvarpsfélag rás í boðveitu og er því þá heimilt að afla sér tekna með afnotagjöldum og haga útsendingum sínum þannig að þær nái aðeins til notenda.

d. (17. gr.)

Útvarpsfélagi, sem útvarpsréttarnefnd viðurkennir, er heimilt að eiga og reka sendistöð fyrir staðbundið hljóðvarp enda uppfylli sendistöðin reglur samgönguráðuneytisins, sbr. 3. gr. Starfssvæði slíkrar stöðvar er háð samþykki menntamálaráðuneytisins að fengnum tillögum útvarpsréttarnefndar.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð gjaldskrá þar sem kveðið er á um árlegt leyfisgjald fyrir sendistöðvar útvarpsfélaga. Útvarpsfélög, sem reka eigin sendistöð, mega afla sér tekna með birtingu auglýsinga skv. nánari reglum sem útvarpsréttarnefnd setur.

e. (18. gr.)

Óheimilt er að veita erlendum aðilum leyfi til útvarpsrekstrar eða aðild að slíkum rekstri. Þó er utanríkisráðherra heimilt að veita Varnarliðinu leyfi til staðbundins útvarpsrekstrar á varnarsvæðunum í samræmi við þær almennu reglur um senditíðni og sendibúnað sem samgönguráðuneytið setur og um getur í 3. gr.

#### **B. IV. kafli. Útvarpsréttarnefnd og útvarpsfélög.**

a. (19. gr.)

Útvarpsréttarnefnd skal fylgjast með útvarpsrekstri, setja almennar reglur um hluta auglýsinga í dagskrá, setja almennar reglur um óhlutdrægni í fréttáflutningi og hún skal sjá um að reglum, sem um útvarpsrekstur eru settar, sé framfylgt. Útvarpsréttarnefnd veitir útvarpsfélögum viðurkenningu og þeir aðilar, sem stjórn boðveitu hefur synjað um afnot útvarps- eða sjónvarpsrása, geta áfrýjað synjuninni til nefndarinnar. Nefndin úrskurðar einnig í deilum sem rísa milli einstaklinga, félaga eða stofnana annars vegar og útvarpsfélags hins vegar, sbr. f.-lið 20. gr.

Útvarpsréttarnefnd skipa sjö menn. Skulu þeir ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu nefndarmanna.

b. (20. gr.)

Til þess að útvarpsfélag fái viðurkenningu útvarpsréttarnefndar til útvarpsrekstrar skal það uppfylla eftirtalin skilyrði:

a. Félagið sé skráð félag skv. ákvæðum hlutafélagalaga og fylgi umsókn vottorð hlutafélagaskrár um fjárhæð hlutafjár, skipan stjórnar og varnarþing félagsins.

Tilgreina skal í umsókn hver sé útvarpsstjóri eða sá aðili sem bera á ábyrgð á útsendingum félagsins fyrir þess hönd.

b. Félagið setji tryggingu að fjárhæð 5 milljónir króna til tryggingar fyrir ábyrgð félagsins á útsendingum þess. Fjárhæðin er miðuð við verðlag í ársbyrjun 1985 og getur útvarpsréttarnefnd breytt henni í samræmi við þróun almenns verðlags sem verður frá þeim tíma.

c. Félagið skuldbindi sig til að halda í heiðri almennar grundvallarreglur um lýðræði og tjáningarfrelsi, stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu.

d. Félagið skuldbindi sig til þess að kosta eitt gerð þeirrar dagskrár sem það sendir út og að a. m. k. helmingur dagskrárinnar sé byggður á innlendu efni. Jafnframt verði gætt fjölbreytni í vali erlends efnis.

e. Félagið skuldbindi sig til þess að varðveita segulbandsupptökur af öllu útsendu efni í sex mánuði frá útsendingu. Jafnframt skuldbindi félagið sig til þess að afhenda útvarpsréttarnefnd upptökurnar ef hún óskar þess og sömuleiðis til þess að afhenda þær dómstólum ef til þeirra er vitnað í dómsmálum.

f. Félagið skuldbindi sig til þess að hlíta úrskurðum útvarpsréttarnefndar í málum sem upp koma þegar einstaklingar, félög eða stofnanir telja að ómaklega hafi verið að sér vegið í útsendingum félagsins og það hefur synjað viðkomandi aðila um að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í sömu eða næstu útsendingum.

g. Félagið geri útvarpsréttarnefnd grein fyrir fyrirhugaðri almennri dagskrárstefnu sinni og skuldbindi sig til þess að tilkynna nefndinni um breytingar á henni.

h. Félagið skuldbindi sig til þess að rjúfa dagskrá sína fyrirvaralaust, ef óskað er, til þess að koma á framfæri tilkynningum frá almannavörnum, löggæslu eða öðrum stjórnvöldum, svo og frá hjálparsevitum, þegar tilkynningarnar varða neyðarvarnir og hjálparstarf.

i. Félagið skuldbindi sig til þess að senda útvarpsréttarnefnd afrit af ársreikningum sínum eigi síðar en 5 mánuðum eftir lok reikningsárs.

c. (21. gr.)

Útvarpsréttarnefnd veitir útvarpsfélagi viðurkenningu til ákveðins tíma sem eigi má vera lengri en 3 ár í senn en mun skemmri á reynslutíma.

Nefndin veitir útvarpsfélögum áminningar ef út af reglum um útvarpsrekstur er brugðið að mati nefndarinnar eða félagið brýtur þá skilmála sem sett eru fyrir viðurkenningu því til handa.

Nefndin getur svipt útvarpsfélag viðurkenningu sinni ef það gróft eða ítrekað brýtur þau skilyrði sem sett eru fyrir veitingu viðurkenningarinnar eða það lætur sér ekki segjast við áminningar nefndarinnar.

Úrskurður nefndarinnar um synjun eða sviptingu viðurkenningar skal rökstuddur og tekur hann eigi gildi nema menntamálaráðherra staðfesti hann. Málshöfðun frestar eigi sviptingu viðurkenningar.

13. Við IV. kafla, er verði V. kafla. Fyrirsögn kaflans hljóði svo: **Endurvarp og dreifing dagskrárefnis frá innlendum og erlendum sendistöðvum.**

14. a. 25. gr. komi fremst í VI. kafla, **Ýmis ákvæði**, og verði 27. gr.

b. Ný 25. gr. orðist svo:

Móttaka eða sending útvarpsefnis um gervihnött milli fastra stöðva er háð samningi sendanda og móttakanda og samþykki Póst- og símamálastofnunar. Öðrum aðilum er óheimil móttaka slíkra sendinga.

Dreifing eða endurvarp á dagskrá innlendra útvarpsfélaga eru óheimil öðrum aðilum nema með samþykki viðkomandi útvarpsfélags og útvarpsréttarnefndar.

Öllum er heimil móttaka dagskrár sem send er um gervihnetti gagngert til dreifingar til almennings og heimilt er að dreifa slíkri dagskrá um boðveitukerfi enda brjóti dagskrárefni eða auglýsingar, sem því fylgja, eigi í bága við íslensk lög.

15. Við 26. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisútvarpið og sveitarfélög hafa sama rétt og Póst- og símamálastofnunin í sambandi við nauðsynlegar lagnir um lönd manna, lóðir og byggingar vegna starfsemi Ríkisútvarpsins eða boðveitna sveitarfélaga. Óheimilt er að leggja svo nýjar lagnir að þær trufla lagnir eða tæki Ríkisútvarps eða boðveitna. Reynist raflagnir, vélar eða tæki fyrirtækja, sem stofnsett eru í nágrenni sendibúnaðar framangreindra aðila, valda truflunum á starfsemi þeirra er viðkomandi aðilum heimilt að gera eða fyrirskipa á kostnað eiganda nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra slíkar truflanir. Sama gildir ef fyrirtæki breyta starfsemi eða vélabúnaði sínum þannig að truflunum valdi. Starfsmönnum Póst- og símamálastofnunarinnar er heimilt að fara tálmunarlaust um lönd manna til eftirlits og athugana á þessum efnum en skulu forðast að valda eigendum eða íbúum meiri óþægindum en brýnasta nauðsyn krefur.

16. Við 27. gr.

a. Fyrri mgr. falli brott.

b. Á eftir síðari mgr. komi ný mgr. er orðist svo:

Útvarpsnotandi, sem af tilviljun hlustar á aðrar þráðlausar talsendingar eða loftskæpti, má ekki flytja öðrum slíkar fregnir og ekki heldur hagnýta sér þær í fjágróðaskyni á einn eða annan hátt.

17. Við 28. gr. Síðasta mgr. orðist svo:

Nú hefur tiltekinn starfsmaður útvarpsfélags, sbr. 4. mgr., eða útvarpsstjóri, sbr. 6. mgr., orðið fébótaskyldur og ber útvarpsfélagið þá ásamt honum ábyrgð á greiðslu bóta. Getur kröfuhafi þá leitað fullnustu í þeirri tryggingu sem útvarpsfélagið setti sem skilyrði viðurkenningar, sbr. b.-lið 20. gr.

18. Við 29. gr. Í stað orðsins „útvarpsstöð“ í 2. mgr. komi: útvarpsfélagi.

19. Við 30. gr. Greinin orðist svo:

Óheimil hagnýting útvarpsefnis, sbr. 24. gr., varðar sektum. Beita má varðhaldsrefsingu ef sök er stórfelld. Upptæk má gera viðtæki sem notuð hafa verið til ólöglegs athæfis. Um önnur brot á lögum þessum fer eftir ákvæðum almennra hegningarlaga.

20. Við 32. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1985 og falla þá jafnframt úr gildi útvarpslög, nr. 19/1971, svo og lög um breyting á þeim lögum, nr. 8/1975 og nr. 49/1979.

Lög þessi falla úr gildi 31. desember 1991 en endurskoða skal ákvæði III. kafla þeirra þegar 3 ár eru liðin frá gildistöku þeirra.

21. Við ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðin falli brott.